

**Stjórn byggðasamlags UTU - 131. fundur**  
**haldinn í Brautarholti, mánudaginn 24. nóvember 2025**  
**og hófst hann kl. 15:45**

**Fundinn sátu:**

Haraldur Þór Jónsson, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason, Walter Fannar Kristjánsson  
boðaði forföll í hans stað sat Árni Eiríksson varamaður, Ása Valdís Árnadóttir, Ísleifur  
Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Gjaldskrár UTU**

Lögð fram gjaldskrá vegna skipulagsmála, þar sem ekki er gert ráð fyrir  
launavísitöluhækkun á gjöldum um áramót eins og verið hefur síðustu ár. Að öðru leyti  
er hún óbreytt.

Lögð fram gjaldskrá vegna byggingamála, þar sem ekki er gert ráð fyrir  
launavísitöluhækkun á gjöldum um áramót eins og verið hefur síðustu ár. Mælingar og  
útsetningar eru sér liður í gjaldskránni, jafnframt eru minniháttar breytingar á liðum til  
einföldunar á gjaldskránni.

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrár og vísar þeim til samþykktar hjá  
aðildarsveitarfélögunum. Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru helst óbreytt  
á milli ára.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða og vinna minnisblað í samstarfi við  
endurskoðanda um rekstur og fjárfestingu seyruverkefnisins.*

**2. Fjárhagsáætlun UTU 2026**

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2026.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði um 312,5 millj. kr. árið 2026,  
þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum samkvæmt samþykktum hlutföllum  
að upphæð 164,2 millj. kr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum  
embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélaganna til embættisins koma m.a.  
tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU innheimtir fyrir  
aðildarsveitarfélögin.

Við gerð fjárhagsáætlun var stuðst við ársreikning ársins 2024, fjárhagsáætlun ársins  
2025 auk upplýsinga úr bókhaldi embættisins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2025.

Fjárhagsáætlunin tekur tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana. Gert er ráð fyrir  
að selja þrjár bifreiðar og kaupa eina nýja.

Gert er ráð fyrir endabúnaði við nýja kalkarann á Seyrustöðum fyrir 5 millj. kr. vegna  
fjárfestinga.

*Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2026 og vísar  
henni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar.*

*Samþykkt samhljóða.*

### **3. Önnur mál**

Lagt fram til kynningar minnisblað vegna úttekta og verkferla vegna lóðamála.

Framkvæmdastjóra falið að ráða tímabundið í tvær stöður á stoðsviði vegna breytinga.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**

# Undirritunarsíða

Formaður  
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 09:41:43  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1

Varaformaður  
Helgi Kjartansson



Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 09:43:21  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1

Aðalmaður  
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:  
Ísleifur Jónasson  
1205754309  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 09:50:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1

Aðalmaður  
Jón Bjarnason



Undirritað af:  
Jón Bjarnason  
2501932629  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 15:28:45  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1

Varamaður  
Árni Eiríksson



Undirritað af:  
Árni Eiríksson  
0809664589  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 10:32:18  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1

Aðalmaður  
Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:  
Ása Valdís Árnadóttir  
3004825119  
Dags: 28.11.2025  
Tími: 09:52:34  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: d09c0c8f-4aa9-4650-a891-c6e6ae8528e1